

FUNDARGERÐ

245. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra haldinn miðvikudaginn 17. desember 2025, kl. 11:00 á skrifstofu HNE að Furuvöllum 1 á Akureyri

Mætt

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson
Stefán Haukur Grímsson
Kristín Halldórsdóttir
Sigríður Friðný Halldórsdóttir (gegnum Teams)
Anna Karen Úlfarsdóttir (gegnum Teams)

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson
Þórey Agnarsdóttir
Steinn Oddgeir Sigurjónsson
Radek B. Dudziak
Jóhannes Haukur Hauksson

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Auto ehf.
3. Skútaberg, Moldhaugnahálsi
4. Umsagnir
5. Útgefin starfsleyfi
6. Staðfestar skráningar
7. Flugeldasýningar og brennur
8. Útgáfa starfsleyfa og samþykki byggingarfulltrúa.
9. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 244. fundar heilbrigðisnefndar sem fór fram þann 26. nóvember sl. Þá var samþykkt að hætta innheimtu dagsekta vegna Hamragerðis 15, þar sem fullnægjandi úrbætur höfðu verið gerðar. Samþykkt var að áminna Skútaberg ehf. vegna umgengni á athafnasvæði fyrirtækisins á Moldhaugnahálsi. Þá var sem fyrr rætt um umgengni á lóð Auto ehf. að Setbergi á Svalbarðsströnd.

2. Auto ehf.

Ekki hefur verið brugðist við kröfu um tiltekt á lóðinni og dagsektir eru því áfram lagðar á í samræmi við ákvörðun nefndarinnar af 238. fundi þann 16. október 2024. Innheimtuaðgerðir halda áfram og fyrirtaka aðfarar hefur verið bókuð.

Heilbrigðisnefnd ítrekar enn og aftur kröfu um tafarlausa tiltekt á lóðinni og að lögð verði áhersla á að hreinsa þann hluta svæðisins sem blasir við frá Þjóðvegi og að öll spilliefni verði fjarlægð af svæðinu. Dagsektir verða lagðar á og innheimtuaðgerðum haldið áfram þar til úr verður bætt.

3. Skútaberg, Moldhaugnahálsi

Á 244. fundi Heilbrigðisnefndar var ákveðið að áminna fyrirtækið vegna umgengni á athafnasvæði þess á Moldhaugnahálsi. Í kjölfar fundar fulltrúa Skútabergs og HNE þann 28. nóvember sl. kom fram að jarðvinna á geymslusvæðinu er hafin og áætlað að hægt verði að taka hluta þess í notkun í lok janúar 2026

Heilbrigðisnefnd harmar þær tafir sem orðið hafa á nauðsynlegum úrbótum á svæðinu og bendir enn á ný á að umgengni um svæðið er með þeim hætti að það er verulegt lýti í umhverfinu. Nefndin leggur áherslu á að áform um að taka hluta geymslusvæðisins í notkun í lok janúar nk. gangi eftir.

Starfsmönnum HNE falið að fylgja málinu og upplýsa nefndina um framvindu mála á svæðinu fyrir næsta fund.

4. Umsagnir

1. Umsögn um tilkynningu Laxóss ehf. um framkvæmd til matsskylduákvörðunar Skipulagsstofnunar. Fiskeldi á landi við Hauganes í Eyjafirði.
2. Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 vegna Blöndulínu 3
3. Umsögn um umhverfismatsskýrslu vegna Árskógsvirkjunar í Þorvaldsdal

5. Útgefin starfsleyfi

1. KURDO KEBAB ehf. kt. 470714-2390 - Hafnarstræti 100b (Turninn), 600 Akureyri – skyndibitastaður
2. Ásco ehf. kt. 701299-2569 - Glerárgata 36b, 600 Akureyri – bifreiðaverkstæði
3. Bílatorgið ehf. kt. 521112-0340 – Dalsbraut 1, 600 Akureyri – bifreiðaverkstæði
4. A. Vatnsdal ehf. kt. 501115-1500 – Hvannavellir 14, 600 Akureyri – bakarí og kaffihús
5. NV Veitingar ehf. kt. 710323-0620 – Hafnarstræti 96, 600 Akureyri – skemmtistaður
6. Sólkistan ehf. kt. 581124-0580 – Skógum, Fnjóskadal 607 Akureyri – sala á gistingu án veitingasölu
7. Fitness Akadémían ehf. kt. 660913-0250 – Njarðarnes 1, 603 Akureyri - Verslun með íþróttatengdan varning, bætiefni og líkamsrækt. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**

Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem tilteknir eru.

6. Staðfestar skráningar

Staðfestar hafa verið skráningar fyrir eftirtalda atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022:

1. Tréverk ehf. kt. 660269-2829 - Grundargötu 8, 620 Dalvík – Trésmíðaverkstæði
2. Björgunarsveitin Hafliði kt. 411281-0359 - Við enda Fjarðarveg, 680 Þórshöfn - flugeldasýning 31.12.2025
3. Björgunarsveitin Týr kt. 671290-2169 - Norðan við vitann á Svalbarðseyri - flugeldasýning 31.12.2025
4. Dalvíkurbyggð kt. 620598-2089 - Böggvisstaðasandur við sandskeið, 620 Dalvík – áramótabrenna 31.12.2025

7. Flugeldasýningar og brennur

Rætt var um mikinn fjölda staðfesta skráninga fyrir flugeldasýningar og brennur um ármót og á þrettánda. Sama mál var til umfjöllunar á 239. fundi heilbrigðisnefndar þann 5. desember 2024. Þá var eftirfarandi fært til bókar:

„Heilbrigðisnefnd veltir því fyrir sér hvort ekki þurfi að skerpa á reglum um starfsemi af þessu tagi og þá með hliðsjón af markmiði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sem er m.a. að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi, sem og að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg.“

Í svari Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis vegna bókunnarinnar kom fram að ráðuneytið horfir til þess að efni bókunnarinnar verði rætt við endurskoðun loftgæðaáætlunar, sbr. 6. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Heilbrigðisnefnd fagnar fyrirætlunum ráðuneytisins um að fjalla um efni fyrri bókunar nefndarinnar við endurskoðun loftgæðaáætlunar. Nefndin áréttar að veruleg mengun stafar frá skipulögðum brennum og flugeldasýningum auk þess sem ótakmörkuð notkun almennings á flugeldum eykur mengunarálag verulega á þessum árstíma. Nefndin telur mikilvægt að endurskoðun áætlunarinnar leiði til markvissra aðgerða til að draga úr þessari mengun.

8. Útgáfa starfsleyfa og samþykki byggingarfulltrúa.

Kynnt var ákvæði í nýrri reglugerð um hollustuhætti nr. 903/2024. Samkvæmt ákvæðinu ber rekstraraðila að sýna fram á samþykki byggingarfulltrúa og staðfestingu á að starfsemi sé í samræmi við skipulag þegar sótt er um starfsleyfi.

Heilbrigðisnefnd telur þessa breytingu vera jákvæða og eðlilegt að krafist sé þessara upplýsinga með umsóknum um starfsleyfi. Nefndin felur starfsmönnum að uppfæra umsóknareyðublöð á heimasíðu embættisins til samræmis við þetta.

9. Önnur mál

- Rætt um gáma sem víða eru áberandi á iðnaðar- og athafnalóðum og eru oft í misjöfnu ástandi. Starfsmönnum er falið að kanna hvernig staðið er að útgáfu stöðuleyfa og hvaða reglur gilda um slíka gáma hjá sveitarfélögum á starfssvæði HNE
- Næsti fundur er áætlaður 25. febrúar

Fundi slitið kl. 11:45

Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Stefán Haukur Grímsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Heilbrigðisfulltrúi
Þórey Agnarsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi
Jóhannes Haukur Hauksson

Heilbrigðisfulltrúi
Radoslaw Boleslaw Dudziak